



„Námsdvöl erlendis gefur samkeppnisforskot á vinnumarkaði, sem verður sífellt alþjóðlegri, og aukinn skilning á þeim tækifærum sem eru í alþjóðaviðskiptum. Sú staðreynd að það er skemmtilegt, gefandi og spennandi að taka hluta náms í útlöndum er síðan bónus!“

Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA náms við Háskólann í Reykjavík



„Kyushu háskóli er einn af virtustu háskólum í Japan og hefur verið metinn einn af fimmtán bestu háskólum í Asíu. Mjög er vandað til LLM námsins og eru erlendir nemendur sérstaklega valdir inn í skólann en í þeim hópi eru meðal annars nemendur frá lagadeild Harvard háskóla í Bandaríkjunum og hæstaréttardómarar víðs vegar frá. Með hnattvæðingu nútímans fannst mér mikilvægt að fá að kynna landi sem er svo fjarlægð Íslandi bæði menningarlega og landfræðilega. Dvöl mín í Japan hefur svo sannarlega víkkað sjóndeildarhringinn hjá mér.“

Sonja Bjarnadóttir, laganemi í skiptinámi í Kyushu háskóla í Japan



„Landsbankinn er með starfsemi í 15 löndum. Ef við hefðum fyrir framan okkur tvo umsækjendur sem væru jafnhæfir en annar þeirra hefði farið út sem skiptinemi sem hluta af sínu háskólanámi, þá er ekki spurning að við myndum velja þann einstakling til starfa hjá okkur.“

Atli Atlason, starfsmannastjóri Landsbankans



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
www.hr.is

STARFSFÓLK ALÞJÓÐASKRIFSTOFU HR



Margrét Jónsdóttir
margret@ru.is



Sigríður Kristinsdóttir
sk@ru.is

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

VILTU AUKA ALÞJÓÐLEGA
FÆRNI ÞÍNA?



SKIPTINÁM SUMARSKÓLI HR-FÉLAGI



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

LEIÐIR TIL AÐ AUKA ALÞJÓÐLEGA FÆRNI

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK ER Í SAMSTARFI VIÐ FJÖLMARGA HÁSKÓLA INNAN ERASMUS- OG NORDPLUSÁETLANANNA. SKÓLINN ER EINNIG Í SAMSTARFI VIÐ HÁSKÓLA UTAN EVRÓPU, TIL DÆMIS Í KÍNA, JAPAN, MEXÍKÓ OG SUÐUR-AFRÍKU.

SKIPTINÁM:

Nemendur geta sótt um styrk til að fara í háskólanám til Evrópu í eina eða tvær annir og fengið námið sitt við gestaskólann metið til eininga við HR.

SUMARSKÓLI:

Nemendum HR stendur til boða að sækja sumarnámskeið við samstarfsskóla HR.

HR - FÉLAGI:

Með því að taka á móti erlendum skiptinimum og hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi fá nemendur HR ómetanlegt tækifæri til að auka færni sína í alþjóðasamskiptum.

NORDPLUS OG ERASMUS

áætlanirnar gera nemendum kleift að stunda nám við háskóla í Evrópu. Til að auðvelda stúdentaskipti eru veittir styrkir til að mæta ferða- og framfærslukostnaði. Til að geta farið í skiptinám þarf nemandi að hafa lokið 30 einingum (60 ECTS). Nordplus og Erasmus styrkirnar hafa ekki áhrif á námslán frá LÍN.



**SALÓME GUÐMUNDSDÓTTIR
HEFUR NÝLOKIÐ BSC GRÁÐU Í
VIÐSKIPTAFRÆÐI. HÚN FÓR Í
SKIPTINÁM Í ESADE HÁSKÓLANN Í
BARCELONA EN SEGIR ÞÁ ÁKVÖRÐUN
HAFA VERIÐ ALGERA TILVILJUN.**

„Á fyrstu önninni minni í spænskutíma hjá Margréti Jónsdóttur segir hún okkur að verið sé að kynna skiptinám erlendis og hún ætli að gefa okkur tíu mínútna pásu til að kynna okkur það. Hún hvatti okkur til að sækja um og sagði jafnframt að besta leiðin til að ná fullu valdi á nýju tungumáli væri sú að búa í landinu. Ég fór og kynnti mér það sem í boði var og þá varð ekki aftur snúið, þetta var allt svo spennandi og ég var strax staðráðin í að fara út.“

Þú segir að það hafi verið tilviljun að þú hafir farið og kynnt þér skiptinám af einhverri alvöru, finnst þér þessi tilviljun hafa breytt miklu fyrir þig?

Heldur betur! Ég hefði ekki fyrir nokkra muni viljað missa af þessari reynslu og hvet hér með alla nemendur til að íhuga möguleikana á skiptinámi vandlega! Þessi reynsla kenndi mér margt og hefur áhrif á það hvar ég er stödd í dag. Ég er enn að njóta þess að hafa tekið þessa ákvörðun.

Þú varst einnig alþjóðafulltrúi stúdentafélags Háskólans í Reykjavík. Hvernig var það?

Ég sótti um að verða alþjóðafulltrúi stúdentafélagsins sumarið áður en ég fór út í skiptinám. Ég tók á móti erlendu skiptinimum sem komu haustið sem ég fór út. Þegar ég kom heim fann ég vel hvað ég var orðin öruggari í samskiptum við þá. Sem alþjóðafulltrúi gat ég nýtt mína reynslu af skiptinámi, ég skildi miklu betur en áður hvað krakkarnir voru að ganga í gegnum. Ég lærði að vera í senn frumkvöðull, stjórnandi og gerandi. Þetta var skemmtilegt og ég kynntist mörgum í gegnum þetta starf.

Hvaða eiginleika og reynslu telur þú þig hafa öðlast með því að fara út sem skiptinemi og taka að þér starf alþjóðafulltrúa?

Vegna þess hvað tungumálakunnátta mín hefur aukist er ég mun öruggari í samskiptum við útlendinga. Ég tel mig hafa lært að bera virðingu fyrir mismunandi gildum, venjum og skoðunum. Ég á auðveldara með að vinna í hópi og aðlagast nýjum aðstæðum. Ég lærði líka að þekkja sjálfa mig betur, bæði veikleika og styrkleika. Ég hef lært að taka frumkvæði og framkvæma.

Nú varst þú að ljúka námi hér við Háskólann í Reykjavík og hefur hafið störf hjá Glitni, hvert er þitt starfssvið og hvar?

Ég var ráðin inn á alþjóðasvið bankans í deild sem kallast Corporate Banking, þ.e. fyrirtækjaviðskipti. Ég starfa sem sérfræðingur á lánasviði (debt finance) fyrir skrifstofu Glitnis í London. Til að byrja með verð ég að vinna bæði hér heima og úti, síðan er stefnan sú að ég verði eingöngu í London þar sem teymið mitt er nánast allt staðsett þar.

Telur þú að reynsla þín af skiptinámi og félagsstörfum hafi átt einhvern þátt í því að þú varst ráðin í þetta starf?

Alveg hiklaust, ég hafði litla sem enga reynslu af störfum innan fjármálagæirans. Viðskiptafræðinamið í HR er án efa gæðastimpill en stjórnendur íslenskra fyrirtækja hafa líka í auknum mæli lagt áherslu á að ráða til sín fólk sem hefur m.a. búið erlendis og hefur gott vald á erlendum tungumálum. Atvinnurekendur sjá það sem kost hjá umsækjendum ef þeir hafa reynslu af félagsstörfum og er þar með vant samstarfi og hópavinnu.



„Í dag þarf ekki að fjölyrða mikilvægi þess fyrir nemendur að fara utan í nám. Í hraða og alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja er ljóst að þeir starfsmenn sem hafa verið í námi erlendis eða í vinnu eru verðmætir starfsmenn og samkeppnishæfni þeirra meiri en ella. Þarna spilar bæði inn í tungumálakunnátta en ekki síður aðlögunarhæfni og þroski sem nemendur taka út í öðru umhverfi.“

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviða Eimskips



„Alþjóðvæðingin er ekki bara tískuorð. Hún raunveruleiki. Þetta á við um lögfræðina, eins og aðrar greinar. Alþjóðleg hæfni lögfræðinga skiptir sífellt meira máli. Ég hvet laganema til að nýta sér möguleika til að stunda hluta náms sína erlendis. Það eykur þekkingu, vísðýni og samskiptahæfni. Það styrkir sjálfmynd, hug og þor.“

Davíð Þór Björgvinsson dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við lagadeild HR



„Í viðskiptum í dag eru samskipti milli fólks frá ólíkum löndum og menningarheimum í brennidepli. Reynslan sem háskólanemar öðlast í skiptinámi erlendis og felst m.a. í vísðýni, sjálfstæði, tungumálakunnáttu og menningarlesi, eykur samkeppnishæfni þeirra eftir útskrift.“

Jón Viggó Gunnarsson, forstjóri EJS



„Það var góð ákvörðun, skemmtilegt og eftirminnlegt ævintýri að fara út sem skiptinemi til DTU í Danmörku. Fjölbreytni í áhugaverðum og þverfaglegum kúrsnum, bæði á ensku og dönsku, var mikið og háskólinn alþjóðlegur og skiptinemavænn. Flestir skiptinema bjuggu í samheldni í kommúnuanda á skólalóðinni og skapaði það einnig ný sjónarhorn til viðbótar við námsefnið, sem var að miklu leiti mótað af hópvinutækni og samstarfi.“

Óskar T. Þorvaldsson, tæknifræðingur

